

Listaskóli Rögnvaldar Ólafssonar

Í samræmi við ákvæði laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 skuldbindur skólinn sig til að fara eftir jafnréttisstefnu Ísafjarðarkaupstaðar.

Stefnan skal kynnt öllu starfsfólki á hverju hausti og vera sýnileg á heimasíðu skólans. Skólastjóri ber ábyrgð á að jafnréttisstefnunni sé framfylgt.

Í samræmi við 22. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10/2008 mun skólinn gera sérstakar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að nemar verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum. Nemendum skal ætíð vera ljóst hver réttur þeirra er og hvert þeir geta leitað innan og utan skólans komi slíkt upp.

Skólinn setur sér framkvæmdaráætlun hvert skólaár þar sem fram koma skýr og vel skilgreind markmið í samræmi við jafnréttisstefnu Ísafjarðarkaupstaðar. Þar sé árangursmat skýrt, eftirfylgni tryggð og ábyrgð ljós.

Framkvæmdaráætlun fyrir skólaárið 2015-2016.

Markmið	Aðgerð	Ábyrgð	Tímarammi
Kynjasambættingar skal gætt við alla stefnumótun og áætlanagerð í skólastarfinu.	Kennarar taka allri þátt í stefnumótun skólans og vinna saman að eflingu náms í skólanum. Nýir kennarar upplýstir um stöðu hverju sinni.	Skólastjóri	Endurskoðað á tveggja ára fresti.
Að kennslu- og námsgögn mismuni ekki kynjunum.	Í tónlistarskólum er námsefni allt að þriggja alda gamalt. Kennslu- og námsgögn geta ekki mismunað kynjunum.	Skólastjóri	Endurskoðað á tveggja ára fresti.
Koma í veg fyrir að nemendur verði fyrir kynbundinni eða kynferðislegri áreitni í skólanum.	Skólastjóri fylgist vel með allri kennslu í skólanum og er í góðu sambandi við alla nemendur og foreldra. Sama gildir um kennarana.	Skólastjóri	Endurskoðað á tveggja ára fresti.

Jafnréttisáætlunin er endurskoðuð á tveggja ára fresti og ber skólastjóri ábyrgð á því.